

**Sp. 913. Tillaga til þingsályktunar**

um ríkisábyrgð á láni til lendingarbóta á Hellissandi.

Flm.: Gunnar Thoroddsen.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að 25 þúsund króna lán vegna lendingarbóta á Hellissandi.

**Greinargerð.**

Á síðastliðnu ári var unnið að lendingarbótum á Hellissandi fyrir um 110 þús. krónur. Leggur ríkissjóður fram helming kostnaðar, og hefur það fé verið veitt í fjárlögum fyrir árin 1943, 1944 og 1945.

Til þess að hreppurinn gæti aflað sér hagkvæms láns til þess hluta kostnaðar, sem hann stendur undir, flutti ég á öndverðu þessu þingi, síðastliðið vor, frumvarp um lendingarbætur á Hellissandi. Var þar m. a. farið fram á ríkisábyrgð á láni hreppsins til lendingarbótanna, í samræmi við það, sem fjöldi kauptúna hefur fengið staðfest með lögum. Frv. þessu var vísað til sjávarútvegsnefndar, og sendi hún það til umsagnar vitamálastjóra. Álit hans hneig til þeirrar áttar, að rétt væri að fresta afgreiðslu frumvarpsins, vegna þess að eigi liggi fyrir á næstunni að gera frekari lendingarbætur á Hellissandi en gerðar voru í sumar, en snúa sér í þess stað að sem ýtarlegustum rannsóknum á hafnargerð í Rífsós, sem liggur rúma 2 km frá Hellissandi. Er því sýnt, að framangreint frv. nær eigi fram að ganga á þessu þingi. En hitt er bæði óhjákvæmilegt og sanngjarnt, að Hellissandur verði aðnjótandi sams konar ríkisábyrgðar á láni til lendingarbótanna, sem mörg önnur kauptún hafa hlotið með sérstökum lögum, eftir því sem með þarf. Í því skyni er þessi tillaga flutt. Af þeim ca. 55 þús. kr., sem í hlut hreppsins koma, hefur tekizt að útvega rúman helming án ríkisábyrgðar. Eru það tæp 25 þús., sem ríkisábyrgð þarf fyrir. Það skal tekið fram, að síðasti sýslufundur Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu hét ábyrgð sýslunnar, ef ríkisábyrgð fengist einnig.